



Trúnaðarmál

Tillögur bæjarstjóra Kópavogs að nýjum sóknarfærum í starfsemi menningarhúsanna

Ríflaga áratugur er liðinn síðan úttekt var gerð á starfsemi menningarhúsanna í Kópavogi. Á þeim tíma hefur samfélag okkar gengið í gegnum miklar breytingar á flestum sviðum mannlífsins. Mikilvægt er að menningarstarf Kópavogsbæjar sé í takti við tímann og fangi þau tækifæri sem samtíminn býður upp á hverju sinni.

Menningarhúsin í Kópavogi eru flaggskip bæjarins og þar liggja mikil tækifæri. Með hliðsjón af úttekt KPMG gefst stjórnvöldum bæjarins tækifæri til að endurskoða starfsemina með það að leiðarljósi að bjóða upp á nýja og spennandi valkosti þannig að menning í Kópavogi uppfylli enn frekar þarfir og væntingar bæjarbúa og annarra gesta.

Menningarstefna Kópavogsbæjar felur í sér þrjár stefnuáherslur sem lúta í fyrsta lagi að jöfnu aðgengi allra að menningu, vísindum og listum, óháð aldri, uppruna, færni og efnahag. Í annan stað lúta áherslurnar að sérstöðu og faglegu starfi menningarhúsa bæjarins og að endingu að víðtæku samstarfi.

Bæjarstjóri leggur fram eftirfarandi tillögur að nýrri nálgun í samþættingu lista og vísinda í nýju upplifunarrými menningarhúsanna, auk annarra breytinga sem mikilvægt er að ráðist sé í samhliða. Tillögurnar byggja á greiningarvinnu KPMG með nýja menningarstefnu Kópavogsbæjar að leiðarljósi.

EINSTAKT TÆKIFÆRI

Með endurskipulagningu og innleiðingu á nýrri menningarstefnu Kópavogs skapast tækifæri til að skapa menningarmiðstöð í formi upplifunar- og fræðslurýmis sem verður einstakt á landsvísu, rými þar sem bæjarbúar allir eiga erindi. Meðal tillagna verður áhersla lögð á eftirfarandi:

- Nýtt upplifunarrými sem tengir saman bókmenntir, myndlist, náttúruvísindi og tónlist fyrir börn og fjölskyldur á fyrstu hæð Bókasafnsins og Náttúrufræðistofu.
- Virkja enn frekar samstarf milli menningarhúsa með sérstöku tengslatorgi starfsmanna þvert á húsin sem sinna fræðslu, viðburðum, skólahópum, kynningar- og markaðsmálum.

Með tillögunum er verið að endurhugsa starfsemi Bókasafnsins, Náttúrufræðistofu og hanna upplifunarrými þannig að það megi nýtast öllum bæjarbúum með sérstakri áherslu á yngri kynslóðina. Þar mun verða til miðstöð fyrir nýsköpun, upplifun,

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026



fræðslu og samveru í umgjörð sem mótuð er af metnaði af fagfólki í fremstu röð á sviði lista og vísinda. Menningarmiðstöð Kópavogs (Mekó) verður þannig einstök á landsvísu, staður þar sem renna allt í senn saman lifandi og skapandi vettvangur fyrir börn og miðstöð bókmennta, myndlistar, náttúruvísinda og tónlistar.

Nokkur dæmi um það sem gæti verið að finna í rýminu:

- Barnabókasafn
- Ný náttúrfræðisýning sem flæðir um rýmið
- „Maker-space“ með m.a. 3D prentara, tölvum með hönnunarforritum, prenturum, stenslar og fleira fyrir þau sem þurfa eða vilja hanna og skapa stærri hluti en hægt er að gera á venjulegum heimilum
- Vísindasmiðja
- Hljóðupptökuver
- Eldhúskrókur (fyrir foreldra ungbara og aðra sem sinnir grunnþörfum eins og að kæla, hita og skola)
- Sérhannað afmarkað smiðjuherbergi fyrir börn sem nýtist öllum húsunum
- Pop-up listasýningar
- Pop-up náttúrufræðisýningar
- Tímahjól um jarðsögu Íslands
- Fjölnotasalur (ca. 50 manns) með færanlegum sætum sem hægt væri að leigja út
- Aðstaða fyrir foreldra ungbara
- Aðstaða til að geyma barnavagna
- ...og fleira gæti komið hér eftir að þarfagreining hefur farið fram

Gert er ráð fyrir einni starfsstöð fyrir allt fræðslu-, viðburða-, kynningar- og markaðsstarf Bókasafns Kópavogs, Náttúrufræðistofu, Gerðarsafns og Salarins. Með þessu móti væri hægt að ná fram aukinni samþættingu í starfseminni sem unnin verður í góðu samstarfi við stjórnendur menningarmála Kópavogs.

Lagt er til að hönnun rýmisins verði boðin út og lögð áhersla á að rýmið uppfylli nýja strauma og stefnur í hönnun og taki mið af fremstu bókasöfnum og menningarmiðstöðum á Norðurlöndum í dag.

Í rýminu mun fara fram fræðslustarf og móttaka skólahópa af öllum skólastigum. Þar verður einnig boðið upp á námskeiðahald fyrir börn og fullorðna, snillismiðjur og öflugt viðburðahald fyrir börn, ungmenni, fullorðna, leikskóla, skóla og fleiri.

Gert er ráð fyrir að einn starfsmaður stýri umsjón rýmisins og sé með viðveru á svæðinu. Hlutverk starfsmannsins verður að taka á móti hópum, undirbúa viðburði og hafa umsjón með rýminu.

Lagt er til að lista- og menningarráð komi að stefnumótunarvinnu við gerð rýmisins í samstarfi við stjórnendateymi menningarmála. Gróflega má áætla að kostnaður við



hönnun og uppbyggingu á rýminu verði 50 milljónir króna sem verður gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun á árinu 2024. Gangi áætlanir eftir er gert ráð fyrir að rýmið verði tekið í notkun á sama ári.

Aukin áhersla á viðburði og fræðslu með samþættri starfsemi allra menningarstofnana

Til að tryggja aukna samþættingu og samstarf milli stofnana verður gert ráð fyrir að í rýminu verði rekin sameiginleg starfsstöð starfsmanna sem koma frá öllum menningarhúsunum og sinna þeir ýmist í sameiningu, eða með sinni fagþekkingu, verkefna-, viðburða-, kynningar- og markaðsmálum, auk þess að setja upp tímabundnar sýningar og vinna með þróun á rýminu. Með þessu gæti skapast öflugt teymi, samvinna og samlegðaráhrif sem ýtir undir enn kraftmeiri starfsemi MEKÓ. Lögð verður áhersla á að viðburðir og fræðsla nái til allra bæjarbúa, unga sem aldna.

Meðal verkefna sem viðburða- og fræðsluteymi / kynningar- og markaðsmálateymi annast eru:

- Námskeið og fullorðinsfræðsla
- Fræðslustarf fyrir öll skólastig
- Þróun og útgáfa fræðsluefnis
- Móttaka skólahópa
- Gæta að jöfnu aðgengi allra að menningu, vísindum og listum, óháð m.a. aldri, uppruna, færni og efnahag
- Samstarf við félagasamtök
- Þróun á viðburðadagskrá í samræmi við breytilegar áherslur, sýningar og uppákomur í öllum húsunum
- Leita eftir samstarfi við listhópa, einstaklinga, hátíðir og stofnanir á innlendum sem alþjóðlegum vettvangi
- Umsókn styrkja
- Umsjón með bæjarhátíðum, sbr. Barnamenningarhátíð, Vetrarhátíð, Aðventuhátíð, Dagar ljóðsins og Ljóðstafur Jóns úr Vör
- Samstarf við sjálfstætt starfandi listamenn og fræðimenn sem fá styrk úr Lista- og menningarsjóði Kópavogsbæjar
- Samstarf við félagsmiðstöðvar
- Kynningarstarf – PR – Markaðs- og kynningaráætlanir, birtingaáætlanir, samskipti við auglýsingastofur og hönnuði.
- Samfélagsmiðlar, heimasíður, fréttabréf



Nái tillögur bæjarstjóra fram að ganga verða helstu áhrif á einstakar stofnanir eftirfarandi:

BÓKASAFN KÓPAVOGS

Tillaga bæjarstjóra:

- Áhersla lögð á aukna sjálfsafgreiðslu
- Starfslýsingum breytt og aðlöguð nýjum áherslum

Bókasafn Kópavogs er eitt stærsta bókasafn landsins, staðsett í byggingu sem var sérstaklega hönnuð fyrir starfsemi þess. Megináhersla í starfsemi bókasafnsins mun verða sú að horft verði til þess sem best er gert á Norðurlöndum þar sem sjálfvirknivæðing verður eflað og stefnt að nýjum og spennandi rýmum sem börn og almenningur geta nýtt sér. Með auknu og markvissu samstarfi bókasafnsins við Náttúrufræðistofu, Gerðarsafn og Salinn bjóðast óþrjótandi tækifæri til nýsköpunar þvert á list- og vísindagreinir.

Samhliða breyttum áherslum verður starfslýsingum breytt. Þá mun aukin áhersla á sjálfsafgreiðslu leiða til þess að stöðugildum bókavarða hjá Bókasafninu fækkar um 1,85. Gerð verður tilraun með að bjóða upp á sjálfsafgreiðslu á Bókasafni Kópavogs með vakt eins bókavarðar eða eftirlitsaðila frá kl. 8 til 11. Í Lindasafni verður opnunartíminn aukinn og boðið upp á sjálfsafgreiðslu frá kl. 8 til 13 alla virka daga.

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA

Tillaga bæjarstjóra:

- Safneign Náttúrufræðistofu, fræðsla, miðlun og rannsóknir á henni færast undir forstöðumann Gerðarsafns
- Rannsóknastarfsemi, önnur en á safneign, og vöktun á vatnalífriki lögð niður og færð öðrum í samstarfi við Kópavogsbæ

Náttúrufræðistofa Kópavogs nýtur mikillar sérstöðu sem eina náttúrufræðisafnið á landinu sem hefur viðurkenningu Safnaráðs. Safnið státar af einstökum safngripum, fjölbreyttu fuglasafni, berg- og steinasafni auk eins stærsta skeldýrasafns landsins.

Breytingartillögur bæjarstjóra fela í sér að þetta einstaka safn fær aukið vægi með áherslu á fjölbreytt sýningarhald, rannsóknir, miðlun og viðburði. Safneign Náttúrufræðistofu færast undir forstöðumann Gerðarsafns þar sem unnið verður að stóraukinni áherslu á sýningarhald úr safneign og í samstarfi við aðra aðila. Viðburðum verður fjölgað og áhersla lögð á meiri fræðslu- og rannsóknarstarf meðal annars með útgáfu námsefnis. Gerðarsafn og Náttúrufræðistofa verða enn sjálfstæð, sérhæfð og viðurkennd söfn á sínum sérsviðum.

Fjölbreyttur ávinningur er talinn felast í tilfærslu safneignar Náttúrufræðistofu undir forstöðumanns Gerðarsafns, þar sem mikil þekking og reynsla á sviði sýningarhalds, varðveislu, rannsókna og miðlunar er til staðar. Auk þess felast umtalsverð tækifæri í



samþættingu beggja safnanna með sýningarhaldi og viðburðum svo ekki sé minnst á samstarf við bókasafnið og Salinn.

Við það verður rannsóknarstofa Náttúrufræðistofu lögð niður í núverandi mynd. Mikilvægt er að þeim rannsóknum sem þar eru unnar verði fundinn nýr farvegur í samstarfi við Kópavogsbæ. Náttúrufræðistofa ber að sinna rannsóknum til að halda viðurkenningu Safnaráðs. Lagt er til að núverandi forstöðumanni Náttúrufræðistofu verði boðin staða sérfræðings í hinu nýja fyrirkomulagi. Jafnframt er nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á samþykktum safnsins til samræmis við nýjar áherslur. Við samruna safnanna undir einum forstöðumann og með niðurlagningu á rannsóknarstofu Náttúrufræðistofu í núverandi mynd fækkar stöðugildum um 2,25.

GERÐARSAFN

Tillaga bæjarstjóra:

- Opnunartíma verður breytt í takt við breyttar þarfir
- Boðið verður í auknum mæli upp á námskeið og fræðslu á vegum safnsins, til dæmis kvöldnámskeið sem tengjast menningu og listum
- Á sama tíma verður aukin áhersla á að sækja nýjar tekjur til safnsins

Samfara því sem fræðslustarfið færist yfir á 1. hæð Bókasafnsins skapast tækifæri fyrir Gerðarsafn til að bjóða upp á námskeið og lengri listasmiðjur fyrir fullorðna. Einnig skapast nýir tekjumöguleikar fyrir Gerðarsafn með útleigu á sölum sem nánar verður útfært með nýju verklagi viðskiptastjóra.

Lagt er til að opnunartíma safnsins verði breytt í takt við breyttar þarfir. Safnið verði lokað á mánudögum í stað þess að vera opið alla daga. Opnunartími aðra virka daga verði frá kl. 11 til 18 (í stað kl. 10 til 17) og helgaropnun verði sú sama eða frá kl. 10 til 17. Til að koma til móts við lokanir á mánudögum þá verði opið ákveðin kvöld í mánuði fyrir sérviðburði, hugsanlega í samstarfi við veitingastað safnsins sem verður opinn fram á kvöld nokkra daga í viku.

Engin breyting er fyrirhuguð á stöðugildum vegna breytinga á opnunartíma. Hins vegar með samrekstri tveggja safna undir einum forstöðumanni, Gerðarsafni og Náttúrufræðisafni, bætast við þrjú stöðugildi.



HÉRAÐSSKJALASAFN

Tillaga bæjarstjóra:

- Héraðsskjalasafn verði lagt niður og farið í samvinnu við Þjóðskjalasafn um að taka við safnkostinum og skjölum Kópavogsbæjar verði eftirleiðis skilað til Þjóðskjalasafnsins
- Einkasöfnum, ljósmyndasafni Kópavogs og Sögufélagi Kópavogs verði tryggð aðstaða og áframhaldandi starfsemi í stofnunum bæjarins

Ljóst er að mikið viðhald er nauðsynlegt á húsnæði safnsins til að koma því í viðunandi ástand, auk þess sem safnkosturinn hefur stækkað langt umfram rými húsnæðisins til móttöku gagna. Þá liggur fyrir að mikil stafræn þróun á þessu sviði er fram undan með það að markmiði að gera gögnin aðgengileg og afhendingartæk. Lagt er til að starfsemi Héraðsskjalasafns verði lögð niður og skilaskyld skjöl afhent Þjóðskjalasafni Íslands.

Rík áhersla verður lögð á að varðveita menningarleg verðmæti Kópavogsbæjar. Lagt er upp með að einkasöfn sem Kópavogsbæ hafa verið afhent, verði færð Bókasafni Kópavogs til varðveislu, sem og ljósmyndasafni Kópavogs. Jafnframt að Sögufélagi Kópavogs verði tryggð aðstaða í húsnæði bókasafnsins til sinnar starfsemi. Niðurlagning safnsins verði unnin í samstarfi við sérfræðinga á þessu sviði.

SALURINN

Tillaga bæjarstjóra:

- Stofnaður verði starfshópur sem komi með tillögur til bæjarstjóra um hvernig unnt sé að fjölga viðburðum og komu gesta. Þá verði meðal verkefna starfshópsins að kortleggja kosti þess og galla við að útvista rekstri Salarins.
- Ef til útvistunar kæmi yrðu sett skilyrði um notkun og aðgengi Kópavogsbæjar að Salnum fyrir sína starfsemi

Salurinn er eitt af helstu kennileitum Kópavogsbæjar og stolt bæjarbúa. Húsið sjálft er í raun bæði í senn listaverk og hljóðfæri. Það er eitt af örfáum húsum á landinu sem er byggt sérstaklega til tónlistarflutnings og því afar mikilvægt að það standi áfram í fremstu röð sem vettvangur fyrir tónlistarflutning og -sköpun á landinu.

Mikilvægt er að blása til sóknar í bæði tegundum og fjölda viðburða Salarins og tækifæri til að endurskoða núverandi fyrirkomulag. Lagt er til að starfshópur verði skipaður sem kemur með tillögu til bæjarstjóra um hvernig unnt sé að fjölga viðburðum og komu gesta. Meðal verkefna starfshópsins verður þá meðal annars að kortleggja kosti þess og galla við að útvista rekstri Salarins.



Heildaráhrif á starfsemi menningarhúsanna

Við breytingarnar er fjármunum forgangsraðað með öðrum hætti en áður. Lögð verður áhersla á uppbyggingu á upplifunar- og fræðslurými. Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 50 milljónir króna í upplifunar- og fræðslurými ásamt uppbyggingu á sameiginlegri starfstöð starfsmanna. Áætlað er að rýmið verði tekið í notkun á árinu 2024.

Með nýrri nálgun á þjónustu og starfsemi stofnana og aukinni samþættingu milli stofnana fer heildarfjöldi stöðugilda úr því að vera u.þ.b 33 í 29. Áætluð áhrif á rekstur eru um 20 milljónir króna á árinu 2023 en ríflega 48 milljónir króna á ársgrundvelli.

Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarstjóri Kópavogs